


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Íslenska sem annað mál ÍSAN10F05 Námsáætlun - Haustönn 2019	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Bryndís Indiana Stefánsdóttir	Sk.st.	BIS
----------------	-------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, framburð, hlustun, lestrarfærni og skilning. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Markmiðið er að nemendur hljóti þjálfun í að koma hugmyndum sínum á framfæri í töluðu og rituðu máli, auki tjáningarfærni, orðaforða, málnotkun og lestrarfærni. Lögð er áhersla á hópefli, samvinnu og samskipti og að nemendur fái þjálfun í tjáningu og bæti orðforða sinn í íslensku. Nemendur hljóta þjálfun og leiðsögn um það hvernig þeir geta bjargað sér við vissar aðstæður, t.d. að spyrja til vegar eða fá aðstoð úti í búð. Nemendur kynna sjálfvalið efni í tali og/eða á myndrænan hátt og taka þátt í hópavinnu af ýmsu tagi. Í áfanganum er áhersla lögð á orðaleiki, að spila tungumálaspil og farið er í leiki. Leitast er við að gera nemendur sjálfbjarga innan sem utan skóla, þjálfu lestrarfærni þeirra og að þeir hljóti fyrst og fremst málfræðikennslu í tengslum við málnotkun. Nemendur fá einnig fræðslu og innsýn í sögu og menningu nærumhverfis, sem og landsins alls.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- góðum vinnubrögðum, námstækni og mikilvægi markmiðssetninga
- helstu grunnatriðum í málfræði og málnotkun
- mikilvægi tungumálsins í daglegu lífi
- mæltu og rituðu íslensku máli
- mikilvægi og tilgangi þess að auka orðaforða sinn
- mikilvægi lestrar og lesskilnings
- mikilvægi menningar, sögu og nærumhverfis

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- auka orðaforða og málskilning
- skrifa einfaldan texta í samfelldu máli
- lesa einfaldan texta af ýmsu tagi sér til gagns t.d. til að átta sig á staðarháttum
- lesa til gamans texta af ýmsu tagi
- rýna í menningu og nærumhverfi


Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér góð vinnubrögð, góða námstækni og setja sér námsmarkmið
- nýta sér mælt mál og ritað í daglegu lífi t.d. til að kynna sig og taka þátt í samræðum
- auka almenna færni sína í íslensku máli, menningu og samfélagi
- tjá sig munnlega um það sem varðar námið og daglegt líf
- nýta sér almenn hjálparögn við íslenskunám
- leita sér upplýsinga innan skólans og í nærumhverfi

Námsgögn:

Íslenska fyrir alla, 3. hefti, málfræðihefi útbúið af kennara og smásögur. Dagblöð/netmiðlar auk efnis af ýmsu tagi frá kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Íslenska sem annað mál ÍSAN10F05 Námsáætlun - Haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Námsumhverfið Classroom verður notað til að halda utan um námsefni af neti og til að koma efni við hæfi til hvers og eins

Fyrri lota (20. ágúst - 8. október)

Í upphafi annar er áfanginn, markmið og námsefni kynnt fyrir nemendum. Farið er í ýmsa hópeflisleiki með það að leiðarljósi að þjappa hópnum saman og auka öryggi þeirra. Nemendur setja sér markmið sem metin verða í lok lotunnar. Unnið er í bókinni "Íslenska fyrir alla" sem og málfræði í bók og á neti. Farið verður í vettvangsheimsókinir á Amtsbókasafnið og Listasafnið. Aðaláhersla verður lögð á að nemendur auki orðaforða sinn, þjálfist í að hlusta og tala íslensku.

Seinni lota (9. október - 5. desember)

Í upphafi lotunnar endurskoða nemendur markmið sín frá upphafi annar og setja sér ný ef þörf er á. Nemendur vinna að hópverkefni og lesin verður smásaga auk þjóðsagna sem gerast á Norðurlandi. Enn frekar verður byggt ofan á færniþættina tjáning, hlustun, lestur og skilningur með fjölbreyttum hætti og einstaklingsmiðuðum áherslum.


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Virkni	Virkni nemenda í tímum.		10%
Sjálfsmat	Eigin markmiðasetning og mat á námi í lok áfanga.		5%
Hlutapróf	Tvö hlutapróf sem gilda hvort um sig 15%		30%
Vinnubók	Nemendur skila vinnubók		10%
Lestur og ritun	Smásögur og þjóðsögur, 2 verkefni		10%
Hópverkefni	Nemendur vinna kynningu á sjálfvöldu efni og kynna		15%
Munnleg færni	Samtal við kennara		10%
Málfræði	Verkefni inni á Classroom		10%
	Samtals:		100%
Annað:			

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 28/08/2019


Undirritun kennara


Undirritun bráttarstj., fagstj eða staðgengils